

**Sp.**

## **563. Skýrsla**

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1981 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1981.

### **1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit.**

Hlutverk þessarar skýrslu er að lýsa þróun helstu stærða ríkisfjármála á árinu 1981 með hliðsjón af frávikum þeirra frá fjárlögum annars vegar og júníáætlun fjárlaga- og hagsýslu-stofnunar hins vegar. Auk þess er vikið nokkrum orðum að framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins 1981 með tilliti til hins opinbera.

Fjárlög 1981 voru samþykkt á Alþingi 20. desember 1980. Heimildir til lánsfjáröflunar samkvæmt lánsfjáráætlun lágu hins vegar ekki fyrir fyrr en með afgreiðslu lánsfjárlaga 14. apríl 1981. Dráttur á afgreiðslu lánsfjárlaga hafði ekki áhrif á fjármál A-hluta ríkissjóðs á annan hátt en hvað snertir endurlánareikning ríkissjóðs.

Á miðju ári 1981 var heildarstaða ríkissjóðs tekin til endurskoðunar, bæði hvað varðar tekjur og gjöld og að því er snertir lánsfjármál og stöðuna við Seðlabankann. Einstakir þættir ríkisfjármála voru síðan endurskoðaðir eftir því sem þörf þótti á.

Meðfylgjandi tölur, sem sýna afkomu ríkissjóðs á árinu 1981, eru byggðar á bráðabirgðauppjöri ríkisbókhalds frá síðari hluta janúar s. l., en yfirlitið er miðað við bráðabirgðatölur á greiðslugrunni. Þessar tölur eru því eitthvað frábrugðnar þeim sem verða í ríkisreikningi þar sem hann er byggður á endanlegum tölum á rekstrargrunni.

Á yfirliti I eru sýndar áætlunartölur fjárlaga og bráðabirgðatölur reiknings.

#### **Yfirlit I**

	Bráðabirgðatölur 31.12.1981 m.kr.	Áætlun júní 1981 m.kr.	Fjárlög 1981 m.kr.
1. Tekjur .....	5 997	5 577	5 515
2. Gjöld .....	5 911	5 539	5 458
3. Tekjur umfram gjöld .....	+ 86	+ 38	+ 57
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn .....	0	+ 22	- 17
5. Viðskiptareikningar .....	- 14	- 42	- 12
6. Greiðsluafgangur .....	+ 72	+ 18	+ 28

Eins og yfirlitið sýnir eru nokkur frávik á tekjum og gjöldum fjárlaga og bráðabirgða-uppgjöri reiknings. Vega þar þyngst aðrar forsendur fjárlaga með tilliti til launa- og verðlagsþróunar ársins. Einnig komu til ýmsir útgjaldaaukar sem voru ófyrirséðir við gerð fjárlaga. Launataxtabreytingar frá upphafi til loka árs 1981 voru í fjárlögum áætlaðar um 33%, en urðu um 42%, vegna meiri hækkunar verðbótavísitölu og launa en gert var ráð fyrir. Svipuðu máli gegnir um almennar verðlagsbreytingar. Í fjárlögum 1981 var miðað við 42% verðbreytingu milli árunna 1980 og 1981, en varð í raun 50%.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjörinu reyndust innheimtar tekjur ríkissjóðs 5 997 m.kr., sem er 482 m.kr. umfram fjárlagaáætlun eða sem nemur 8,7% hækkun. Í júníáætluninni reyndust tekjur ríkissjóðs einnig of lágt áætlaðar. Fyrst og fremst urðu óbeinir skattar tekjudrýgri en gert hafði verið ráð fyrir. Aðflutningsgjöld námu 27,2% hærri fjárhæð en í fjárlögum og sölugjald 10,1% hærri fjárhæð. Skýrist þessi tekjuauki m. a. af miklum innflutningi síðari hluta ársins 1981. Í töflu 1 í viðauka eru sýnd frávik á helstu tekjuliðum ríkissjóðs. Tafla 2 í viðauka sýnir áætlun um skattbyrði einstaklinga á árunum 1974 til 1981. Á yfirlitinu kemur fram að greiðslubyrði skatta er nokkurn veginn óbreytt yfir tímabilið 1979 til 1981.

Gjöld ríkissjóðs voru samtals 5 911 m.kr., en það er 453 m.kr. eða 8,3% hækkun frá fjárlögum. Stærstu frávik útgjalda skýrast af breytingu á launaútgjöldum, en áhrif kjarasamninga og verðbótavísitölu á árinu 1981 reyndust meiri en áætlað hafði verið í fjárlögum. Langflestir útgjaldaliðir almannatrygginga fylgja þróun launa og verðlags og reyndust útgjöld því hærri en fjárlagaáætlun. Auk þess greiddi ríkissjóður til Tryggingastofnunar ríkisins um 50 m.kr. vegna eldri skulda við stofnunina. Í töflu 3 í viðauka eru sýnd frávik bráðabirgðatalna frá fjárlögum ársins 1981, skipt eftir ráðuneytum.


Hjá A-hluta ríkissjóðs var jafnvægi í lánahreyfingum, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 17 m.kr. nettóúttreymi. Á hinn bóginn sýndi júníáætlunin nettóinnstreymi að fjárhæð 22 m.kr.

Bráðabirgðauppgjörið sýnir nettóúttreymi á viðskiptareikningum að fjárhæð 14 m.kr. og er það ekki fjærri fjárlagaáætluninni sem var 12 m.kr. Hins vegar reyndist þessi útkoma mun hagstæðari heldur en áætlunin frá því í júní, er gerði ráð fyrir 42 m.kr. nettóúttreymi eða 28 m.kr. lakari útkomu en raun varð á, sbr. yfirlit I. Bráðabirgðaniðurstaða er því greiðsluafgangur að fjárhæð 72 m.kr.

Mynd 1 sýnir rekstrarjöfnuð ríkissjóðs á greiðslugrunni tímabilið 1970—1981 og hefur niðurstaða hvers árs verið framreiknuð til verðlags ársins 1981. Eins og línuritið ber með sér er tekjuafgangur á árinu 1981 í fyrsta skipti síðan 1970, en rekstrarafkoman hefur verið mjög breytileg yfir tímabilið.

## Mynd 1

### Rekstrarjöfnuður ríkissjóðs 1970—1981. Greiðslugrunnur.



Jafnvægisáhrif ríkisfjármála á efnahagsstarfsemina má að nokkru sýna út frá greiðsluafkomu ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu árið 1981 eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

### Yfirlit II

m.kr.	Bráðabirgðatölur 31.12.1981 m.kr.	Áætlun júni 1981 m.kr.	Fjárlög 1981 m.kr.
6. Greiðsluafgangur (sjá yfirlit I) .....	+ 72	+ 18	+ 28
7. Afborganir í Seðlabanka (nettó) .....	+ 100	+ 100	+ 100
8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs .....	+ 172	+ 118	+ 128

Yfirlitið hér að framan sýnir að samtala tekna, gjalda, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar jákvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 172 m.kr. Afkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu er því mun hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir bæði í júníáætlun og fjárlögum. Jákvæð greiðsluafkoma ríkissjóðs í þessum skilningi sýnir viðleitni ríkisfjármála til að draga úr þenslu í hagkerfinu. Þetta er í þriðja sinn frá og með árinu 1973 sem greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu hefur verið jákvæð, en tímabilið 1973—1978 var hún ætíð neikvæð eins og sést í töflu 4 í viðauka.

Í yfirliti III er sýnd sambærileg niðurstaða á greiðsluafkomu ríkissjóðs gagnvart banka-kerfinu á undanförunum sex árum og til frekari glöggvunar er hún sýnd sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs um sig.

### Yfirlit III

	Greiðsluafkoma m.kr.	% af vergri þjóðar- framleiðslu
1981 .....	+ 172	+ 0,9
1980 .....	+ 62	+ 0,5
1979 .....	+ 23	+ 0,3
1978 .....	- 37	- 0,6
1977 .....	- 17	- 0,4
1976 .....	- 5	- 0,2

Greiðslur ríkissjóðs til Seðlabankans voru í samræmi við það sem áætlað hafði verið í fjárlögum 1981. Á árinu 1981 grynkaði ríkissjóður töluvert á heildarskuld sinni í Seðlabankanum eða úr 298 m.kr. í árslok 1980 í 223 m.kr. í árslok 1981. Afborganir af lánum í Seðlabankanum voru 100 m.kr. og staðan á hlaupareikningi ríkissjóðs batnaði um 58 m.kr. á árinu, en á móti kemur hins vegar uppfærsla skulda vegna verðbóta að fjárhæð 83 m.kr. Mynd 2 sýnir hvernig staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hefur þróast á undanförunum árum og hafa skuldir hvers ársfjórðungs verið framreiknaðar til verðlags í árslok 1981.

## Mynd 2

Skuld ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabanka 1974—1981 framreiknuð til verðlags í árslok 1981.



Línuritíð sýnir ljóslega hvernig raungildi skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hefur farið hraðlækkandi á árunum 1979—1981.

## 2. Lánsfjárförf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Í töflu 6 í viðauka er sýnd lánsfjárráðstöfun samkvæmt lánsfjárlögum og notkun lánsfjárins á árinu 1981. Á nokkrum liðum koma fram frávik á lánsfjárheimildum og því fjármagni sem notað var. Í töfluyfirlitinu er jafnframt getið lántökuheimilda. Að frátöldum heimildum í sérlögum eins og um Ísl. járnblendifélagið, raforkuver o. fl. er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir 1982 svo og í fjárlögum fyrir það ár leitað heimilda til erlendrar viðbótarlántöku vegna endurskoðunar á lánsfjáraætlun ársins 1981. Lántökuförf þessi var samtals að fjárhæð 45 m.kr. og eru eftirfarandi þættir þar helst til skýringar. Í lánsfjáraætlun 1981 voru 52 m.kr. áætlaðar til framkvæmda við byggðalínur, en gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu nemi samtals 68 m.kr. Þar af er umframkostnaður, sem rekja má til Suð-austurlínu, um 11 m.kr. Holur 16, 17 og 18 við Kröflu voru tengdar á haustmánuðum. Áætlað er að framkvæmdir þessar hafi haft aukakostnað í för með sér að fjárhæð 5,2 m.kr. og þurftu 3 m.kr. af þeirri fjárhæð að greiðast á árinu 1981. Sem kunnugt er komst Vesturlína mun seinna í gagníð en við var miðað þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað. Vegna notkunar

dísilvéla varð framleiðsla raforku því miklu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum Orkubúsins og myndaðist þar af leiðandi rekstrarhalli á fyrstu starfsárum þess. Orkubúið hefur því leitað eftir láni að fjárhæð 5,6 m.kr. til allt að 5 ára til að bæta úr rekstrarfjárskorti og þá jafnframt að gera upp skuldir sínar við Rafmagnsveitur ríkisins.

Við samningu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 voru fjármál ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna sérstaklega athuguð. Var þá talið að unnt væri að framlengja ýmis lán og breyta lánskjörum þannig að eigi þyrfti að afla sérstakra lagaheimilda til að greiða úr fjárhagsvand- anum. Komið hefur í ljós að þessi leið var aðeins fær að takmörkuðu leyti þar sem ýmsar skuldir veitnanna voru við aðra en endurlánareikning ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að lán til þessara aðila nemi 8 m.kr.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981 er heimild til að fjármagna tímabundið byggingu Lista- safns Íslands meðan verið er að selja erfðahlut safnsins úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Nokkur óvissa er um hvenær lokið verður að selja eignir þær er mynda erfðahlut safnsins og líklegt að nokkur ár líði þar til allt það fé verði til ráðstöfunar. Þeir samningar sem gerðir voru við verktaka um byggingu safnhússins námu um 4 m.kr. og greiðast úr byggingarsjóði Listasafns Íslands.

Lagmetisíðjan Siglósíld hefur að undanfögnu átt við rekstrarerfiðleika að etja. Þessu hefur fyrirtækið reynt að mæta með aukinni fjárfestingu sem leiða á til aukinnar hagræðingar innan fyrirtækisins. Til að standa undir fjárfestingarkostnaði og skuldasöfnun síðustu ára hefur ríkissjóður aukið eigið fé fyrirtækisins með fjárveitingum og einnig aflað því lánsfjár. Lán vegna þessa nema alls 2,4 m.kr. Vegna fjárhagserfiðleika Kísiliðjunnar er leitað heim- ilda til lántöku alls að fjárhæð 3,0 m.kr. en fyrirtækið hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum. Ekki þykir ástæða til að fjalla ítarlegar en þegar er gert um viðbótarlánsfjárbörf hins opin- bera, enda skýringar að finna í töflu 6.


Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1981 var stefnt að 338 m.kr. innlendri og 1 017 m.kr. erlendri lánsfjáröflun til opinberra aðila. Innlenda lánsfjáröflunin reyndist nokkuð önnur en stefnt var að og eru eftirfarandi liðir þar helst til skýringar. Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs reyndist aðeins 51 m.kr. í stað 90 m.kr. eins og gert hafði verið ráð fyrir. Verðbréfakaup banka og lífeyrissjóða fóru hins vegar 25 m.kr. fram úr áætlun og urðu 133 m.kr. í stað 108 m.kr. eins og áætlað var. Önnur innlend fjáröflun reyndist lægri en til stóð vegna þess að ekki tókst að breyta skuldum ríkissjóðs við lífeyrissjóði í vörslu Trygg- ingastofnunar ríkisins í föst skuldabréf. Orsök þessa var bágborin lausafjárstaða sjóðanna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum reyndust afgreidd erlend lán 1 073 m.kr. eða 56 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum.

Í töflu 7 í viðauka og á mynd 3 er gefið yfirlit um þróun veigamestu stærða í viðskiptum þjóðarbúsins út á við. Fram kemur að nettó-staða þjóðarbúsins við útlönd sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (VPF) hefur haldist lítt breytt s.l. fimm ár, þegar á heildina er lítið. Hins vegar hafa orðið talsverðar sveiflur í einstaka þáttum, s.s. löngum erlendum lánnum og gjaldeyrisstöðu.

Mynd 3 sýnir nettó-stöðu þjóðarbúsins í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.

**Mynd 3**  
**Nettóstaða þjóðarbúsins út á við í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.**



## **Töfluviðauki**

- Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.
- Tafla 2. Áætlanir um skattbyrði einstaklinga árin 1974—1981.
- Tafla 3. Gjöld ríkissjóðs, A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.
- Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1981, A-hluti.
- Tafla 5. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu árin 1970—1981.
- Tafla 6. Lánsfjárförf opinberra aðila og fjármögnun hennar árið 1981.
- Tafla 7. Staða þjóðarbúsins út á við árin 1970—1981.



**Tafla 1.**

**Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.**  
Í milljónum króna.

	Reikningur 1981	Fjárlög 1981	Frávik frá fjárlögum m.kr.	%
<b>1. Beinir skattar</b> .....	<b>920</b>	<b>979</b>	<b>-59</b>	<b>-6</b>
a) Tekju- og eignaskattar .....	865	859	+6	+7
b) Erfðafjárskattur .....	15	8	+7	+88
c) Sjúkratryggingagjald .....	33	112	-79	-71
d) Framkvæmdasjóður aldraðra .....	7	—	+7	—
<b>2. Gjöld af innflutningi</b> .....	<b>1 181</b>	<b>948</b>	<b>+233</b>	<b>+25</b>
a) Almenn aðflutningsgjöld .....	874	687	+187	+27
b) Bensín- og gúmmigjald .....	172	169	+3	+2
c) Innflutningsgjald af bifreiðum .....	133	90	+43	+48
d) Annað .....	2	2	0	0
<b>3. Skattar af framleiðslu</b> .....	<b>447</b>	<b>413</b>	<b>+34</b>	<b>+8</b>
a) Vörugjald, sérstakt og almennt .....	442	407	+35	+9
b) Álgjald .....	5	6	-1	-17
<b>4. Skattar af seldum vörum og þjónustu</b> .....	<b>2 972</b>	<b>2 719</b>	<b>+253</b>	<b>+9</b>
a) Söluskattur .....	2 103	1 910	+193	+10
b) Launaskattur .....	291	267	+24	+9
c) ÁTVR .....	406	385	+21	+5
d) Iðgjöld atvinnurekenda .....	147	135	+12	+9
e) Annað .....	25	22	+3	+14
<b>5. Aðrir óbeinir skattar</b> .....	<b>387</b>	<b>347</b>	<b>+40</b>	<b>+11</b>
a) Bifreiðaskattur .....	66	65	+1	+2
b) Verðjöfnunargjald .....	62	63	-1	-2
c) Stimpilgjald, þinglýsingargjald, aukatekjur .....	132	116	+16	+14
d) Annað .....	127	103	+24	+23
<b>6. Arðgreiðslur, vextir og ýmsar tekjur</b> .....	<b>90</b>	<b>109</b>	<b>-19</b>	<b>-17</b>
Samtals	5 997	5 515	+482	+9

**Tafla 2.**

**Áætlanir um skattbyrði einstaklinga 1974—1981.**  
Í milljónum króna.

	(1973)	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981 <sup>3)</sup>
1. Skattar til sveitarfélaga <sup>1)</sup> .....		52	88	115	155	233	381	618	960
2. Skattar til ríkisins <sup>2)</sup> .....		38	47	85	95	221	350	525	788
3. Álagðir skattar alls .....		91	135	200	251	455	731	1 143	1 748
4. Heildartekjur einstaklinga .....	(573)	854	1 144	1 539	2 285	3 620	5 500	8 590	13 370
5. Álagðir skattar sveitarfélaga í hlutfalli við:									
a. Tekjur fyrra árs .....		9,1%	10,3%	10,1%	10,1%	10,2%	10,5%	11,2%	11,2%
b. Tekjur greiðsluárs .....		6,1%	7,7%	7,5%	6,8%	6,4%	6,9%	7,2%	7,2%
6. Álagðir skattar ríkisins í hlutfalli við:									
a. Tekjur fyrra árs .....		6,7%	5,5%	7,4%	6,2%	9,7%	9,7%	9,5%	9,2%
b. Tekjur greiðsluárs .....		4,5%	4,1%	5,5%	4,2%	6,1%	6,4%	6,1%	5,9%
7. Álagðir skattar alls í hlutfalli við:									
a. Tekjur fyrra árs .....		15,8%	15,8%	17,5%	16,3%	19,9%	20,2%	20,8%	20,4%
b. Tekjur greiðsluárs .....		10,6%	11,8%	13,0%	11,0%	12,5%	13,3%	13,3%	13,1%

1) Útsvar og fasteignaskattar.

2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald.

3) Bráðabirgðatölur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

**Tafla 3.**

**Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1980. Greiðslugrunnur.**  
Í milljónum króna.

	Reikningur 1981	Fjárlög 1981	Frávik frá fjárlögum m.kr.	%
Ráðuneyti:				
Æðsta stjórn ríkisins	44	32	12	37
Forsætisráðuneyti	51	44	7	16
Menntamálaráðuneyti	928	793	135	17
Utánríkisráðuneyti	66	57	9	16
Landbúnaðarráðuneyti	282	236	46	19
Sjávarútvegsráðuneyti	96	85	11	13
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	339	229	110	48
Félagsmálaráðuneyti	185	173	12	7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 264	1 820	444	24
Fjármálaráðuneyti	235	585	-350	-60
Samgönguráðuneyti	583	549	34	6
Iðnaðarráðuneyti	260	243	17	7
Viðskiptaráðuneyti	411	407	4	1
Hagstofa Íslands	5	4	1	25
Ríkisendurskoðun	6	5	1	20
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	156	196	-40	-20
Samtals	5 911	5 458	453	8

**Tafla 4.**

**Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1981, A-hluti.**  
Í milljónum króna.

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981 <sup>1)</sup>
<b>I Greiðsluafkoma:</b>												
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlab.												
Gjöld	-92	-132	-182	-248	-403	-576	-698	-1011	-1611	-2467	-3766	-5911
Tekjur	95	130	178	240	358	493	683	956	1543	2378	3681	5997
Samtals	+3	-2	-4	-8	-45	-83	-15	-55	-68	-89	-85	+86
Lánahreyfingar utan Seðlab.	+2	+3	+6	+7	+8	+17	+14	+34	+29	+30	+75	+86
Samtals	+5	+1	+2	-1	-37	-66	-1	-21	-39	-59	-10	+172
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lána-reikningum við Seðlabanka												
Greiðsluhreyfing við Seðlab.	+4	-2	+1	-4	-35	-55	-9	-21	-45	+22	+45	+158
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+1	+1	0	+1	+1	0	+4	+4	+8	+1	+17	-1
Greiðsluhr. við bankakerfið	+5	-1	+1	-3	-34	-55	-5	-17	-37	+23	+62	+157
Ýmsir viðskiptamenn	0	+2	+1	+2	-3	-11	+4	-4	-2	-82	-72	+15
Samtals	+5	+1	+2	-1	-37	-66	-1	-21	-39	-59	-10	+172
<b>II Rekstrarafkoma:</b>												
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	+4	-3	+1	-3	-35	-75	+8	-25	-16	-11	+139	...

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

**Tafla 5.**

**Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1981.**  
Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings.

	Heildarútgjöld %	Par af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðsna %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðsna %
1970 .....	21,8	7,2	14,6
1971 .....	24,6	9,3	15,3
1972 .....	26,9	10,8	16,1
1973 .....	26,0	10,6	15,4
1974 .....	29,1	10,8	18,3
1975 .....	30,4	11,4	19,0
1976 .....	26,5	9,4	17,1
1977 .....	27,0	7,6	19,4
1978 .....	28,6	9,5	19,1
1979 .....	29,5	10,5	19,0
1980 .....	28,5	9,9	18,6
1981 <sup>1)</sup> .....	29,2	10,3	18,9

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

**Tafla 6.**

**Lánsfjárlög 1981 og afgreiðsla lánsfjár 1981 skv. bráðabirgðatölum.**

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
1. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:					
Þjóðarbókhlæða .....	4 000	—	4 000	4 000	0
Vegagerð .....	100 050	—	100 050	100 050	0
„ bundið slitlag .....	10 000	—	10 000	10 000	0
„ sérstök verkefni .....	12 000	—	12 000	12 000	0
„ jaðarbyggðir .....	8 100	—	8 100	8 100	0
Landshafnir .....	2 000	—	2 000	2 000	0
Hlutfjár og eiginfjárframlag .....	3 820	—	3 820	3 720	+100
RARIK, félagslegar framkvæmdir .....	15 000	—	15 000	15 000	0
Járnblendifélagið .....	14 000	16 153 <sup>1)</sup>	30 153	30 153	0
Hafnargerð, vegna skipasmíðastöðva .....	11 770	—	11 770	11 770	0
Flugmálastjórn .....	4 000	—	4 000	4 000	0
Krafla, vaxtaútgjöld ....	36 450	25 032 <sup>2)</sup>	61 482	61 482	0
Landspítalinn .....	7 000	—	7 000	7 000	0
Tryggingastofnun ríkisins	30 000	—	30 000	0	+30 000
Samtals	258 190	41 185	299 375	269 275	30 100

<sup>1)</sup> Heimild til lántöku skv. 3. gr. laga nr. 18/1977 um Ísl. járnblendifélagið.

<sup>2)</sup> Heimild í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 nær til lántöku til greiðslu vaxta og erlendra afborgana.

**Tafla 6. frh.**

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
1.2 B-hluti:					
Bygðasjóður .....	31 500	3 500 <sup>3)</sup>	35 000	35 000	0
Landakaup kaupstaða og kaupúna .....	3 000	—	3 000	0	+3 000 <sup>4)</sup>
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	33 000	—	33 000	33 000	0
Ríkisútlán .....	4 000	—	4 000	3 500	+500 <sup>5)</sup>
Lagmetisíðjan Siglósild .....	1 000	2 400 <sup>6)</sup>	3 400	3 400	0
Skipaútlán ríkisins .....	24 000	—	24 000	13 800	+10 200 <sup>7)</sup>
RARIK, almennar framkvæmdir .....	83 080	—	83 080	83 080	0
Bygðalínur .....	52 100	15 490 <sup>8)</sup>	67 590	67 590	0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir Jarðvarmaveitur ríkisins .....	33 640	3 000 <sup>9)</sup>	36 640	36 640	0
Virkjunarrannsóknir .....	8 000	—	8 000	8 000	0
Grænifóðurverksmiðjur .....	8 000	—	8 000	4 000	+4 000
Orkusjóður	2 700	—	2 700	1 000	+1 700
Bygðalínur, fjármagns- útgjöld .....	38 400	17 335 <sup>10)</sup>	55 735	55 735	0
Hitaveitulán .....	7 500	—	7 500	7 500	0
Jarðhitaleit .....	11 000	—	11 000	11 000	0
Byggingarsjóður Listasafns Ísl. Landssmiðjan .....	—	4 000 <sup>11)</sup>	4 000	4 000	0
Áburðarverksmiðjan .....	3 000	—	3 000	3 000	0
Póstur og sími:	35 000	—	35 000	8 400	+26 600 <sup>12)</sup>
Vörukaupalán .....	4 600	—	4 600	4 600	0
Lagning sjálfvirkis síma ..	8 000	—	8 000	8 000	0
Jarðstöðin Skyggir .....	—	11 730 <sup>13)</sup>	11 730	11 730	0
Næstu stórvirkjanir .....	—	37 400 <sup>14)</sup>	37 400	37 400	0
Samtals	391 520	94 855	486 375	440 375	46 000

3) Notkun heimildar frá 1980.

4) Verður ekki nýtt á árinu 1982 vegna nýrra heimilda í lántökufrumvarpi 1982.

5) Óafgreitt um áramót en afgreitt í mars 1982.

6) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

7) Verður nýtt árið 1982 og auk þess 200 þús. kr. frá árinu 1980.

8) Heimild fyrir 4 423 þús. kr. er í lánsfjárlögum 1981, 26. gr., en 11 067 þús. kr. eru teknar skv. ákv. fjárl. 1982.

9) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

10) Í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 var heimild til lántöku til greiðslu afborgana af erlendum lánnum.

11) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

12) Lán að fjárhæð 35 m. kr. tryggt, en aðeins 8,4 m. kr. ráðstafað á árinu 1981. Eftirstöðvar á árinu 1982.

13) Geymd heimild vegna jarðstöðvar.

14) Heimild skv. lögum nr. 60/1981 um raforkuver.

**Tafla 6. frh.**

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:</b>					
Landsvirkjun .....	462 190	—	462 190	420 200	+41 990 <sup>15)</sup>
Orkubú Vestfjarða .....	27 200	5 600 <sup>16)</sup>	32 800	32 800	0
Sjóefnavinnsla .....	—	4 000 <sup>17)</sup>	4 000	4 000	0
Kísiliðja .....	2 000	3 000 <sup>18)</sup>	5 000	4 905	+95
Samtals	491 390	12 600	503 990	461 905	42 085
<b>3. Sveitarfélög:</b>					
Hitaveitur .....	198 900	6 900	205 800	205 800 <sup>19)</sup>	0
Önnur lánsfjáröflun .....	15 000	1 050	16 050	16 050 <sup>20)</sup>	0
Samtals	213 900	7 950	221 850	221 850	0
<b>4. Ráðstöfun (1+2+3)=</b>					
<b>fjáröflun (5+6) .....</b>	1 355 000			1 393 405	
<b>5. Innland lán .....</b>					
Spariskírteini .....	338 100			320 000	
Innheimt endurlán (nettó) .	90 000			51 000	
Verðbréfa kaup					
bankakerfisins (nettó) .....	90 000			110 000	
Verðbréfa kaup					
lífeyrissj. (nettó) .....	68 000			76 000	
Önnur innland fjáröflun ...	40 000			57 000	
	50 100			26 000	
<b>6. Erlend lán .....</b>					
	1 016 900			(1 073 405)	

15) Greiðsla áætluð 1981, nýtt 1982.

16) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

17) Heimild skv. lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu.

18) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

19) Aðeins eru taldar viðbótarlántökur sem fara um endurlánareikn. ríkissj. Heimild skv. þessum lið, sbr. lið 3.12 í fjárlögum 1982, er ráðstafað til Hitaveitu Seyðisfj. 1 600, Hitaveitu Hafnar í Hornafirði 1 500, Hitaveitu Suðureyrar 500, Hitaveitu Hóla 634 og Rafveitu Siglufjarðar 1 500.

20) Lán veitt Bæjarsjóði Vestm. 5 200, Bæjarsj. Ísafj. 850, Bæjarsj. Siglufj. 3 000 og Rafveitu Siglufj. 7 000. Viðbótarheimild í lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

**Tafla 7.**

**Staða þjóðarbúsins út á við árin 1970—1981.**  
(meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru- kaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyris- staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar- framleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)		Greiðslu- byrði í % af útfl.- tekjum
							Löng erlend lán	Nettó- staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1970	-115,1	-17,2	7,6	32,6	-92,0	431,8	26,6	21,3	11,2
1971	-145,0	-19,0	7,0	47,8	-109,1	549,6	26,4	19,9	10,0
1972	-172,5	-20,1	10,6	55,3	-126,7	684,2	25,2	18,5	11,4
1973	-226,1	-34,2	21,8	67,0	-171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	-337,9	-49,8	25,7	16,2	-345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	-672,8	-66,4	42,6	-30,4	-727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	-898,5	-97,5	59,9	-3,9	-940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	-1 205,5	-146,1	89,2	56,7	-1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	-1 944,3	-237,5	160,4	173,2	-1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	-2 909,5	-435,9	246,2	396,0	-2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12,8
1980	-4 617,1	-768,9	395,0	759,0	-4 232,0	13 288,0	34,7	31,8	14,1
1981 <sup>1)</sup>	-7 510,0	-1 065,0	627,0	1 517,0	-6 431,0	20 196,0	37,2	31,8	16,6 <sup>1)</sup>

1) Bráðabirgðatölur.

Heimild: Seðlabanki Íslands.